



# Leiðbeinandi verklagsreglur

## - Smámöl -

### Reglubundið eftirlit og frágangur

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur er að liðsinna öllum sem notta Smámöl hvernig frágangi skal háttað til að hún dragi úr slysum. Gildissvið allstaðar þar sem Smámölin er notuð til að draga úr likum á slysum.

Viðtakendur.

*Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar eigendum og eftirlitsaðilum leikvalla og annarra svæða þar sem notuð er smámöl. Þetta er ætlað til leiðbeiningar um reglubundið eftirlit og frágang smámalar.*

Til að draga úr slysum á stöðum þar sem smámöl er notuð, þarf eigandi eða eftirlitsaðili staðarins að koma á fót reglubundnu eftirliti. Útbúa þarf gátlista þar sem tilgreind eru þau atriði sem þarf að skoða hverju sinni og hversu ört eftirlitið á að vera. Fyrir þetta verður að líta til staðháttar og er það eftirlitsaðila staðanna að skilgreina fyrir hvern stað.

Reglubundið eftirlit á smámöl á að vera fyrirbyggjandi til að hún haldi gæðum sínum. Skrá og skjalfesta þarf eftirlitið hverju sinni.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga varðandi eftirlit með smámöl:

- a. Slétta úr smámöl við leiktæki eins oft og þurfa þykir.
- b. Hreinsa burt stærri steina sem berast í smámölin.
- c. Fjarlægja þarf alla aðskotahluti, t.d. málma, glerbrot, pappír og þess háttar.
- d. Ef mikill sandur hefur borist í smámölin hættir hún að virka sem skyldi.

Smámöl er vottuð fyrir 2 metra fall miðað við 300 mm þykkt lag og 3 metra fall miðað við 350 mm þykkt lag af smámöl. Ofan á þá þykkt er síðan lagt 200 mm þykkt öryggislag. Lágmarksþykkt á smámöl er því 500 mm, miðað við slétt undirlag.

Þegar smámöl er lögð á nýtt svæði þarf að passa að undirlagið sé slétt og engar ójöfnur eða lausir hlutir í undirlaginu. Það er ábyrgð eftirlitsaðila hverju sinni að þessum verklagsreglum sé framfylgt.